

# STJÓRNARTÍÐINDI B 60 – 1996

30. júlí 1996

1139

Nr. 437

## AUGLÝSING

### um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla.

#### 1. gr.

Aðalnámskrá grunnskóla frá 28. apríl 1989 er í gildi þar til öðruvísi verður ákveðið, sjá þó 2. gr. auglýsingar þessarar.

#### 2. gr.

Með auglýsingu þessari öðlast eftirfarandi viðbætur við aðalnámskrá grunnskóla gildi:

a. Kjarnagreinar í grunnskóla skólaárið 1996-97 skulu vera íslenska og stærðfræði.

b. Vikulegur kennslutími nemenda skal að lágmarki vera sem hér segir (miðað er við 40 mínútna kennslustundir):

	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	10. b.	Samtals
1996-97	27	27	27	27	30	32	34	35	35	35	309
1997-98	28	28	28	28	31	32	34	35	35	35	314
1998-99	29	29	29	29	32	32	34	35	35	35	319
1999-00	30	30	30	30	32	32	35	35	35	35	324
2000-01	30	30	30	30	33	33	35	36	36	36	329
2001-02	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37	336

c. Kennsludagar skulu ekki vera færri en 170 á hverju skólaári. Heildarstundafjöldi nemenda á skólaári er því sem hér segir:

	1996-97	1997-98	1998-99	1999-2000	2000-01	2001-02
1. bekkur	918	952	986	1020	1020	1020
2. bekkur	918	952	986	1020	1020	1020
3. bekkur	918	952	986	1020	1020	1020
4. bekkur	918	952	986	1020	1020	1020
5. bekkur	1020	1054	1088	1088	1122	1190
6. bekkur	1088	1088	1088	1088	1122	1190
7. bekkur	1156	1156	1156	1190	1190	1190
8. bekkur	1190	1190	1190	1190	1224	1258
9. bekkur	1190	1190	1190	1190	1224	1258
10. bekkur	1190	1190	1190	1190	1224	1258

d. Skipting kennslutíma á námsgreinar og námsár skal vera sem næst því sem tilgreint er í eftirfarandi töflu:

BEKKUR	1.	2.	3.	1.-3. b. samt.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	1.-10. b. samt.
ÍSLENSKA	x	x	x		6	6	6	6	5	5	5	
STÆRÐFRÆÐI	x	x	x		4	4	4	4	4	4	5	
-----												
				30								98 38,4%
MYND- OG HANDMENNT	x	x	x		4	4	4	4	4	4		
HEIMILISFRÆÐI	x	x	x		1	1	1	2	2	2		
TÓNMENNT	x	x	x		1	1	1	1	1	1		
-----												
				15								54 21,2%
SAMFÉLAGSFRÆÐI	x	x	x			3	3	3	2	2	(2)	
KRISTIN FRÆÐI	x	x	x		4	1	1	1	1	1		
NÁTTÚRUFRAEÐI	x	x	x			2	2	2	3	3	(2)	
DANSKA							2	2	3	3	4	
ENSKA								2	3	3	4	
-----												
				9								73 28,6%
ÍPRÓTTIR	x	x	x		3	3	3	3	3	3	3	
-----												
				9								30 11,8%
BUNDNAR STUNDIR SAMTALS	21	21	21		23	25	27	30	31	31	25	255 82,5%
TIL RÁÐSTÖFUNAR SKÓLA	6	6	6		4	5	5	4	4	4	10	54 17,5%
LÁGMARKS NEMENDASTUNDIR	27	27	27		27	30	32	34	35	35	35	309

### Skýringar við töflu:

Í 1. - 3. bekk er sýndur æskilegur stundafjöldi að meðaltali á viku í greinaflokkum. Krossar sýna að kenna skal umræddar greinar á hverju námsári. Innbyrðis hlutföll milli námsgreina í þessum bekkjum er ákvörðunarefni hvers skóla. Mælt er með því að beitt sé sveigjanlegum kennsluháttum og skólastarfið sé skipulagt þannig að möguleikar samkennslu og samþættingar nýtist sem best.

Hlutfall greinaflokka er reiknað út frá bundnum stundum samtals og miðað er við 40 mín. kennslustundir. Stundir sem tilgreindar eru á tiltekinn bekk í einstökum námsgreinum eru lágmarks viðmiðunarstundir. Lágmark nemendastunda er sá vikulegi kennslustundafjöldi sem hver nemandi á rétt á.

Áherslur í skólastarfi geta breyst frá einu ári til annars. Sé ekki haldið uppi þeirri lágmarkskennslu sem bundnar stundir segja til um í tiltekinni grein eða greinasviði eitt árið þarf að auka hana síðar. Enda þótt bundnum stundum sé dreift á námsár, er það gert til viðmiðunar. Ekki þarf að fylgja þeirri skiptingu út í æsar fyrir hvert námsár heldur er ætlast til að áherslur í grunnskólanáminu í heild eða áföngum þess séu sem næst því sem hér er tilgreint. Suma námsþætti má t.d. kenna í námskeiðsformi eða skipuleggja tveggja til þriggja ára nám í tiltekinni námsgrein á þann hátt að meginþunginn komi á eitt ár.

Stundir til sundkennslu eru meðtaldar í stundum til ípróttá.

## 3. gr.

Auglýsing þessi um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla er birt með vísan til 30. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla nr. 242/1989 svo og auglýsing um fjölda kennslustunda í 1.-10. bekk grunnskóla og skiptingu þeirra milli námsgreina (viðmiðunarstundaskrá) nr. 439/1995.

*Menntamálaráðuneytinu, 30. júlí 1996.*

**Björn Bjarnason.**

---

*Guðríður Sigurðardóttir.*

2. ágúst 1996

Nr. 438

## REGLUGERÐ

### um veiðieftirlitsgjald.

## 1. gr.

Á fiskveiðiárinu er hefst 1. september 1996 og lýkur 31. ágúst 1997 skulu útgerðir fiskiskipa greiða sérstakt gjald - veiðieftirlitsgjald - fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

## 2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 með síðari breytingum, skal greiða fast gjald, 12.930 kr.

## 3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 139 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 2.300 kr.

Aflamarksskip sem stunduðu línuveiðar fiskveiðiárið 1995/1996 skulu greiða veiðieftirlitsgjald vegna þess helming landaðs afla viðkomandi skips í janúar og febrúar 1996 sem ekki taldist til aflamarks eins og aflinn er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 1. mgr. þessarar greinar og gilda ákvæði þeirrar mgr. um gjald þetta eftir því sem við getur átt.

Innheimta skal sérstakt gjald vegna afla krókabáta er veiðar stunda með línu og handfærum með þorskaflahámarki eða dagatakörkunum. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 1. mgr. þessarar greinar og gilda ákvæði þeirrar mgr. um gjald þetta eftir því sem við getur átt. Við útreikning á gjaldinu skal miða við landaðan afla viðkomandi krókabáts af þeim fisktegundum sem voru í aflamarki fiskveiðiárið 1995/1996 eins og afli bátsins er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á 6 mánaða tímabili frá 1. febrúar til 31. júlí 1996.